



## Samþykktir Myndstefs

### Nafn og aðsetur félagsins

#### 1. gr. Nafn

Nafn félagsins er Myndstef - Myndhöfundasamtök Íslands, á ensku The Icelandic Visual Art Copyright Association. Félagið var stofnað 11.febrúar árið 1991.

#### 2. gr. Aðsetur

Heimili og varnarþing samtakanna er í Reykjavík.

### Tilgangur og hlutverk

#### 3. gr. Tilgangur

Myndstef er umsýslustofnun, félagasamtök og óhagnaðardrifin höfundaréttarsamtök sem gæta hagsmuna og höfundaréttar innlendra og erlendra höfunda og höfundaréttahafa á sviði sjónlistar og myndrænnar sköpunar s.s myndlistar, ljósmyndunar, myndlýsinga, hreyfimynda, kvikmyndalistar, arkitektúrs og hönnunar. Þau koma fram fyrir hönd höfunda og höfundaréttahafa vegna notkunar á verkum sem njóta höfundaréttar.

Myndstef vinnur að eflingu höfundaréttar fyrir alla höfunda, óháð félagsaðild. Samtökin beita sér fyrir þróun á sviði höfundalöggjafar og standa vörð um tilvist réttarins.

Samtökin starfa samkvæmt viðurkenningu frá ráðuneyti því sem fer með höfundaréttarmál. Myndstef starfar samkvæmt höfundalögum nr. 73/1972 og lögum um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019. Myndstef fer með innheimtu réttindatekna samkvæmt höfundalögum og úthlutar til réttahafa á grundvelli eftirfarandi samningskvaðaheimilda:

## Samþykktir fyrir Myndstef – Myndhöfundasamtök Íslands.

- a. safnanot skv. 12. gr. b.,
- b. mennta- og fræðastofnananot, skv. 3. mgr. 14. gr.,
- c. útsetningar, skv. 1. mgr. 23. gr.,
- d. innheimta fylgiréttar skv. 5. mgr. 25. gr. b.,
- e. gegnum sameiginlegar umsýsluslustofnanir sem hlotið hafa umboð Myndstefs til að innheimta á grundvelli: eintakagerðar til einkanota, skv. 11. gr., og afritunar skv. 18. gr. og endurvarps skv. 23. gr. a.

Samningskvaðsamningar fullnægja ákvæðum höfundalaga nr. 73/1972 um samningskvaðaleyfi, sem hefur í för með sér að notandi fær einnig rétt til þess að hagnýta önnur verk sömu tegundar þó að viðkomandi samtök komi ekki fram fyrir hönd höfunda þeirra verka.

### 4. gr. Hlutverk

Þrjár stoðir Myndstefs eru hönnun og arkitektúr, ljósmyndun og myndlist.

Hlutverk Myndstefs er að:

- a. innheimta réttindatekjur og úthluta réttindagreiðslum til rétthafa,
- b. gæta hagsmuna og höfundaréttar á sínu sviði,
- c. innheimta gjöld fyrir endurnot höfundavarinna verka á starfssviði samtakanna fyrir höfunda, höfundaréttthafa og erfingja, sem hafa veitt Myndstefi umboð sitt, og úthluta greiðslum til þeirra,
- d. annast samningskvaðsamninga þar sem samið er um heildarnotkun á höfundarverkum,
- e. stuðla að sanngjörnu endurgjaldi fyrir notkun verka höfunda,
- f. veita félagslega, menningarlega eða menntunartengda þjónustu, þ. á m. fræðslu um höfundarétt.

### 5. gr. Aðild

Félagsaðilar að Myndstef eru:

- a. rétthafar með beina aðild sem hafa gert um það samning við samtökin,
- b. rétthafar sem öðlast hafa aðild í gegnum aðildarfélag, og
- c. aðildarfélög Myndstefs.

Aðildarfélög Myndstefs eru: Arkítektafélag Íslands, Fatahönnunarfélag Íslands, Félag húsgagna- og innanhúsarkitekta, Félag leikmynda- og búningahöfunda, Félag íslenskra gullsmiða, Félag íslenskra kvikmyndatökustjóra, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Félag íslenskra myndlistarmanna, Félag íslenskra samtímaljósmyndara, Félag íslenskra teiknara, Félag vöru- og iðnhönnuða, Grafía, Ljósmyndamiðstöð Íslands, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, Íslensk grafík, Leirlistafélagið,

## Samþykktir fyrir Myndstef – Myndhöfundasamtök Íslands.

Ljósmyndarafélag Íslands, Myndhöggvarafélagið, Myndlistarafélagið, Samband íslenskra myndlistamanna, Textílfélagið.

Aðild að Myndstefi skal vera opin öllum sem eiga höfundarrétt eða skyld réttindi á sviði myndrænnar sköpunar og sjónlistar að uppfylltum aðildar kröfum félagsins.

Aðildarkröfur: Aðild að félaginu geta hlotið eftirtaldir aðilar á sviði myndrænnar sköpunar og sjónlistar:

- höfundar
- aðrir höfundarrétthafar s.s. erfingjar látinna rétthafa
- félög í fyrirsvari fyrir rétthafa

Félagsfólk í aðildarfélögum Myndstefs öðlast aðild að Myndstefi. Aðildarfélögin skulu sjá til þess að í samþykktum þeirra sé ákvæði þar að lútandi, og upplýsa félagsfólk um það.

Umsókn um hvers konar aðild skal send til Myndstefs, stjórn skal samþykkja félagsaðild að uppfylltum aðildarkröfum félagsins. Afgreiðsla umsóknar skal vera án mismununar.

Ef Myndstef hafnar beiðni um aðild skal veita umsóknaraðila skýran rökstuðning fyrir ákvörðuninni.

Aðild felur ekki sjálfkrafa í sér umboð Myndstefs til að hafa umsjón með réttindum umfram samningskvaðaleyfi, rammamninga eða skyldubundna umsýslu réttinda.

Réttindi rétthafa sem ekki eru með beina aðild að Myndstefi skulu vera í samræmi við lög um sameiginlega umsýslu höfundarréttar.

Félagsaðilum og rétthöfum skal gert kleift að eiga rafræn samskipti við Myndstef, þ.m.t. að því er varðar umsýslu réttinda.

Myndstef skal halda skrá yfir félagsaðila, uppfæra reglulega og birta á heimasíðu félagsins.

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og tekur gildi við næstu áramót. Aðild fellur niður þegar höfundarréttur rennur út. Aðalfundur getur vikið félagsaðilum úr félaginu eftir tillögum stjórnar ef þeir fullnægja ekki lengur aðildarkröfum.

## Samþykktir fyrir Myndstef – Myndhöfundasamtök Íslands.

### Aðalfundur

#### 6. gr. Aðalfundur og boðun aðalfundar

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum aðalfundar.

Aðalfundur skal haldinn að vori ár hvert og ekki seinna en í júnílok. Aðalfundarboð skal auglýst og birt á vefsíðu félagsins með minnst 2 vikna fyrirvara.

Framboð til formanns og stjórnarmanns skal berast félaginu 3 vikum fyrir aðalfund. Auglýst skal eftir framboðum til stjórnar á vefsíðu félagsins eigi síðar en 5 vikum fyrir aðalfund.

Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

#### 7. gr. Dagskrá aðalfundar

Dagskrá skal vera eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Stjórnarformaður flytur skýrslu stjórnar.
3. Nefndir kynna störf sín.
4. Formaður fagráðs flytur skýrslu ráðsins.
5. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til afgreiðslu.
6. Úrslit kosninga formanns og stjórnarmanns
7. Tilnefningar annarra stjórnarmanna og varamanna kynntar.
8. Samþykki stjórnarlauna.
9. Stefnur skv. umsýslulögum
  - a. Almenna stefnu um úthlutun réttindagreiðslna til rétthafa.
  - b. Almenna stefnu um notkun óráðstafanlegra fjárhæða.
  - c. Almenna fjárfestingarstefnu með tilliti til réttindatekna og arðs af fjárfestingu þeirra.
  - d. Almenna stefnu um frádrátt frá réttindatekjum og arðs af fjárfestingu þeirra.
  - e. Notkun óráðstafanlegra fjárhæða.
  - f. Áhættustýringarstefnu.
  - g. Samþykki fyrir hvers konar kaupum, sölu eða tryggingarrétti fastafjármuna.
  - h. Samþykki um samruna og bandalög, stofnun dótturfélaga og kaup á öðrum einingum eða hlutum eða réttindum í öðrum einingum.
  - i. Samþykki fyrir lántöku, lánveitingum eða útgáfu lánatrygginga.
10. Tilnefningu og uppsögn löggilts endurskoðenda.
11. Samþykki árlegrar gagnsæisskýrslu.
12. Breytingar á samþykktum félagsins.
13. Önnur mál.

## Samþykktir fyrir Myndstef – Myndhöfundasamtök Íslands.

### 8. gr. Auka aðalfundur

Stjórn eða fagráð geta farið fram á að boðað verði til auka aðalfundar. Fundurinn skal boðaður innan mánaðar frá því að krafa berst. Skal hann boðaður rafrænt með minnst tveggja vikna fyrirvara. Auka aðalfundur getur einungis tekið fyrir mál sem getið er í fundarboði, að öðru leyti gilda sömu reglur og um aðalfundi.

### 9. gr. Heimild til setu og atkvæðisréttar á aðalfundi

Rétt til setu á aðalfundi hafa allir sem eru fullgildir félagar samkvæmt skrár félagsins.

Kjörgengi hafa allir félagsaðilar sem hafa verið í félaginu, að lágmarki eitt ár.

Allir félagsaðilar hafa eitt atkvæði á aðalfundi. Hvert aðildarfélag skal tilkynna félaginu skriflega, fyrir hvern aðalfund, hver fari með umboð þeirra og atkvæðisrétt, ef annar en formaður. Félagsaðilum er heimilt að veita öðrum félagsaðila umboð sitt, en að hámarki skal hver félagsmaður fara með eitt umboð.

Stjórnarformaður og meirihluti stjórnarmanna skulu vera viðstaddir aðalfund, ásamt framkvæmdastjóra. Hafi framangreindir forsvarsmenn félagsins ekki tök á að sækja aðalfund þess skal þátttaka þeirra tryggð með öðrum hætti, t.a.m. rafrænt.

Félaginu er heimilt að óska eftir því að félagsaðilar tilkynni um mætingu sína á aðalfund.

Ákvarðanir á aðalfundi verða að hljóta einfaldan meirihluta greiddra atkvæða, en ákvarðanir um breytingar á samþykktum fer skv. 20. gr.

### 10. gr. Skipan stjórnar

Stjórn félagsins skal skipuð fimm einstaklingum og þremur til vara. Samband íslenskra myndlistarmanna, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og Ljósmyndamiðstöð Íslands skipa einn aðalman og einn varamann hvert til þriggja ára í senn. Formaður og einn stjórnaraðili eru kosnir á aðalfundi félagsins úr röðum félagsins á aðalfundi til þriggja ára í senn. Kosning má vera rafræn.

Stjórn kýs sér varaformann.

Gæta skal að kynjahlutföllum meðal aðal- og varamanna og skulu hlutföllin í stjórn og varastjórn í heild vera sem jöfnust.

Stjórnaraðila má endurkjósa. Þau skulu þó ekki sitja samfelld lengur en þrjú tímabil, en eru kjörgeng að nýju á næsta aðalfundi á eftir. Aðalfundur ákveður laun og önnur starfskjör formanns og annarra stjórnarmanna.

## Samþykktir fyrir Myndstef – Myndhöfundasamtök Íslands.

Ef stjórnaraðili lætur af störfum skal varamaður taka sæti stjórnaraðilans og skal sitja í stjórn það sem eftir lifir kjörtímabils þess stjórnarmanns sem lét af störfum. Aldrei mega færri en fimm skipa stjórn hverju sinni. Ef stjórn verður óstarfhæf skal boða til auka aðalfundar og kjósa stjórnaraðila til setu fram að næsta aðalfundi.

### Starfsemi félagsins

#### 11. gr. Stjórnarhættir

Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Stjórn fundar svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en 6 sinnum á hverju almanaksári. Formaður boðar til funda, stjórnarmenn og framkvæmdastjóri geta einnig krafist stjórnarfunda.

Stjórnin ber ábyrgð á stefnumótun og leggur það fyrir aðalfund hvers árs og hefur eftirlitshlutverk með starfsemi félagsins.

Stjórn skal setja sér starfsreglur í upphafi hvers starfsárs og skulu þær birtar á vef félagsins þar sem m.a. skal fjallað um hlutverk formanns og varaformanns, undirbúning, boðun og framkvæmd stjórnarfunda, dagskrá, ályktunarhæfi, vanhæfi, fundargerðir, upplýsingagjöf og samskipti við starfsmenn. Einnig skal hún gera starfsáætlun fyrir hvert rekstrarár.

Stjórnaraðilar skulu leggja fyrir aðalfund sérstakt árlegt yfirlit um hvort hagsmunaárekstrar kunni að vera á milli viðkomandi og félagsins.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra og ákvarðar starfskjör hans. Stjórn getur falið formanni stjórnar að annast samninga við framkvæmdastjóra um gerð ráðningarsamnings um starfskjör hans, sem stjórn skal staðfesta.

Stjórn skal taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig, enda eiga stjórnarmenn ekki sérstaklega að gæta hagsmuna þeirra aðila sem studdu þá til stjórnarsetu.

Stjórn getur falið stjórnarformanni að vinna að skilgreindum verkefnum í umboði stjórnar.

Stjórn skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins og framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur.

Stjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, atkvæði formanns ræður úrslitum þegar atkvæði eru jöfn.

Haldin skal fundargerð sem birt skal á vefsíðu félagsins.

## Samþykktir fyrir Myndstef – Myndhöfundasamtök Íslands.

### 12. gr. Stjórnarformaður

Stjórnarformaður skal sjá um að ákvörðunum aðalfundar og stjórnar sé framfylgt. Í starfsreglum stjórnar skal liggja fyrir lýsing á störfum og ábyrgð stjórnarformanns. Í þeirri starfslýsingu skal m.a. kveðið á um að stjórnarformaður stuðli að því að verklag stjórnar sé í samræmi við lög, reglur og góða stjórnarhætti og beri ábyrgð á samskiptum stjórnar við fagráð félagsins.

### 13. gr. Framkvæmdastjóri

Stjórn samtakanna skal ráða framkvæmdastjóra, en hann ræður annað starfsfólk að undangengnu samþykki stjórnar.

Framkvæmdastjóri skal annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við stefnu og fyrirmæli stjórnar.

Framkvæmdastjóri tekur þátt í stjórnarfundum, með málfrelsi og tillögurétt. Stjórn getur þó óskað fjarveru framkvæmdastjóra undir einstökum dagskrárliðum eða á heilum stjórnarfundum. Ber framkvæmdastjóra að verða við slíkum óskum. Framkvæmdastjóri getur kallað aðra starfsmenn inn á stjórnarfund í samráði við stjórnarformann til kynningar á einstökum þáttum í starfseminni.

### 14. gr. Undirnefndir

Stjórn félagsins ber ábyrgð á skipun og störfum undirnefnda og starfa þær í umboði hennar. Stofnun undirnefnda dregur ekki úr ábyrgð stjórnar né leysir hana undan ábyrgð.

### 15. gr. Fagráð

Fagráð samanstendur af fulltrúum hvers aðildarfélags. Formaður aðildarfélags er fulltrúi í fagráði nema félag hafi skipað sérstakan fulltrúa í fagráðið. Ráðið kýs sér formann.

Fagráð gegnir ráðgjafarhlutverki gagnvart stjórn félagsins og skal vera bakhjarl til stuðnings framkvæmdastjóra og stjórn félagsins og benda á það sem betur mætti fara í starfsemi félagsins eða leggja skuli áherslu á í starfseminni. Fagráð skal funda að minnsta kosti tvisvar á ári. Framkvæmdastjóri félagsins boðar til funda ráðsins og situr þá. Haldin skal fundargerð á fundum fagráðs.

### 16. gr. Fjármál

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

## Samþykktir fyrir Myndstef – Myndhöfundasamtök Íslands.

Ársreikning félagsins skal endurskoða ár hvert af löggildum endurskoðanda.

Þeim fjármunum sem samtökin innheimta skal úthlutað beint til þeirra rétthafa, sem hlut eiga að máli, að svo miklu leyti sem það er unnt. Úthlutun fer fram að minnsta kosti tvisvar sinnum á ári. Frá innheimtum tekjum skal draga frá kostnað vegna umsýslu, sem og kostnað sem fellur til vegna félagslegrar, menningarlegrar eða menntunartengdrar þjónustu. Að auki skal leggja í varasjóð í samræmi við 18. gr.

Öðrum fjármunum, sem eðli máls samkvæmt verður ekki úthlutað einstaklingsbundið, er ráðstafað í Höfundasjóð Myndstefs, sem úthlutað er til myndhöfunda. Úthlutun vegna samningskvaða lýtur þessum reglum. Utanfélagsmenn geta þó gert kröfu til þess að fá einstaklingsbundna þóknun fyrir not á grundvelli samningskvaðaleyfis. Kröfu um slíka þóknun verður einungis beint að samtökunum og skal hún vera skrifleg.

Myndstef úthlutar og greiðir réttindagreiðslur til rétthafa eins fljótt og mögulegt er, þó eigi síðar en níu mánuðum frá lokum þess fjárhagsárs þegar réttindatekjur voru innheimtar, nema hlutlægar ástæður komi í veg fyrir að félagið virði þann frest.

Haga skal rekstri félagsins með þeim hætti að umsýslu- og rekstrarkostnaður sé í lágmarki.

### 17. gr. Höfundasjóður Myndstefs

Stjórn skipar þrjá fulltrúa og varafulltrúa þeirra í Höfundasjóð Myndstefs til tveggja ára. Einn aðalfulltrúa og varafulltrúa frá hverju; Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og Ljósmyndamiðstöðvar Íslands, þar af einn formann úthlutunarnefndar.

Leitast skal við að gæta jafnræðis milli fagstétta og hlut kynja við skipan úthlutunarnefndar.

Hlutverk úthlutunarnefndar er yfirferð umsókna um úthlutun úr Höfundasjóði og val á verkefnum, á grundvelli faglegs mats, í samræmi við reglur sjóðsins.

Við úthlutun úr Höfundasjóði skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða, auk þess sem taka skal mið af flokkum réttindagreiðslna eða samningskvaðasamninga. Falli atkvæði jöfn skal atkvæði formanns ráða úrslitum.

Stjórn setur starfsreglur fyrir úthlutunarnefnd Höfundasjóðs.

### 18. gr. Varasjóður

## Samþykktir fyrir Myndstef – Myndhöfundasamtök Íslands.

Til að mæta óvæntum kröfum aðila, sem standa utan Myndstefs, og óvæntum kostnaði Myndstefs öðrum en rekstrarkostnaði, skal árlega leggja í varasjóð 5% prósent af heildartekjum Myndstefs hvers rekstrarárs. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 20.000.000,- falla greiðslur til hans niður. Fjárhæð þessi skal endurskoðuð árlega og ákvörðuð endanlega af aðalfundi samtakanna, og skal koma fram í ársreikningi.

### 19. gr. Kvartanir og álitaefni

Kvörtunum, þ. á m. varðandi umsýslu réttindatekna, skal beina skriflega til stjórnar. Stjórn Myndstefs skal svara kvörtun innan sex vikna. Stjórn tekur lokaákvæðanir vegna kvartana félagsaðila. Sé viðkomandi ósáttur við afgreiðslu erindis til samtakanna getur hann óskað eftir að málinu sé vísað til þriggja manna óháðrar úrskurðarnefndar sem skipuð skal af stjórn.

### 20. gr. Breytingar á samþykktum

Tillögur um breytingar á samþykktum þessum skulu sendar stjórn sem leggur þær fyrir aðalfund. Tillögur skulu hafa borist eigi síðar en þremur vikum fyrir fund og skal þeirra getið í fundarboði. Til að breyta samþykktum þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

### 21. gr. Félagaslit

Slíta skal félaginu ef þess er krafist af 3/4 hluta aðildarfélaga og krafan samþykkt á aðalfundi með 3/4 hluta atkvæða, og renna eignir þess þá til sérstaks menningarsjóðs á sviði myndrænnar sköpunar sem ákveðið verður á slitafundi. Sé slíkur sjóður ekki til sem fundurinn telur fullnægja ofangreindu skilyrði, skal hann stofnaður.

Samþykkt á aðalfundi Myndstefs 12. júní 2024 og auka-aðalfundi 5. desember 2024 og nafnbreyting samþykkt á aðalfundi 27. maí 2025.